



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

MINNISBLAÐ

TIL: STJÓRNAR SSH.

FRÁ: PÁLI BJÖRGVINI GUÐMUNDSSYNI FRAMKVÆMDASTJÓRA SSH.

EFNI: ÁHERSLUVERKENI SÓKNARÁÆTLUNAR 2022.

DAGS: 17.JANÚAR 2021.

Vísað er til minnsblaðs undirritaðs frá 2. desember 2021 en þá var farið yfir drög að áhersluverkefnum ársins 2022. Síðan þá hefur frekari vinna farið fram og verkefnin útfærð frekar eins og sjá má í meðfylgjandi verkefnalýsingum hvers áhersluverkefnis fyrir árið 2022.

Gerð er endanleg tillaga um að unnið verði eftirfarandi áhersluverkefni Sóknaráætlunar höfuðborgar-svæðisins fyrir árið 2022:

- 1. Nýsköpun, samtals 11. millj. kr. (sóknaráætlun 10. millj. kr, 1. milljón SSH).** Efnt verði til samkeppnisverkefna innan tveggja aðalkafla Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins, *Velferð og samfélag og Umhverfis-og samgöngumál*. Lögð verði áhersla á verkefni sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og atvinnulíf. Við utanumhald verkefna verða nýttir ferlar og rammi Sóleyjar sjóðsins, sem þegar er vistaður hjá SSH.
- 2. Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur, - Location Reykjavik Capital Area samtals 5.millj. (sóknaráætlun 4.millj kr og 1.millj. SSH).** Vinnsla og miðlun upplýsinga um höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkost.
- 3. Forvarnir – geðrækt hjá ungmennum, samtals 7.5 millj. kr (sóknaráætlun 6,5 milj.kr, 1.millj. kr SSH).** Gert er ráð fyrir að koma á fót samstarfsvettvangi innan SSH um eflingu og aukið samstarf á sviði forvarna og geðrækt hjá ungmennum á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur vettvangsins verður þverfaglegt samráð um innleiðingu á stefnu í málaflokknum, auk þess að miðla þekkingu og reynslu á sviðinu.

4. **Kynningar og miðlun niðurstaðna sóknaráætlunar, samtals 1,5 m.kr. (sóknaráætlun 0,5 millj. kr, 1.millj.kr SSH).** Sérstaklega er horft til að vekja athygli á og miðla niðurstöðum á verkefnum Sóknaráætlunar á sviði umhverfis og samgöngumála gagnvart kjörnum fulltrúum, hagaðilum og almenningi á höfuðborgarsvæðinu.
5. **Áætlun um landnotkun, húsnæði og samgöngur. samtals 3. millj. kr (sóknaráætlun 3.millj. kr og 0,5 millj. kr SSH).** Skoðað verði að gera samkomulag milli ríkis (ríkisstofnana) og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um framtíðarsýn í málaflokkum landnotkunar, húsnæðis og samgangna, að finnskri fyrirmynd. Fyrirmynd er svokallaðir MBT samningar milli finnska ríkisins og mismunandi landshluta í Finnlandi, sem samþætta landnotkun, húsnæði og samgöngur. Byggjast slíkir samningar á sameiginlegri framtíðarsýn hagaðila um sjálfbæra þróun svæðanna í ofangreindum málaflokkum.
6. **Þróunar- og forvarnaverkefni – samstarf við Fjölsmiðjuna, samtals 5.millj. kr (sóknaráætlun 4,5 millj. kr. og 0,5 millj kr. SSH).**

Miðað við fyrirbyggjandi tillögur er gert ráð fyrir að framlag ríkisins verði 28 m.kr. og framlag SSH 5.0 m.kr. samtals 33.0 m.kr. Hvort tveggja liggur fyrir í áætlunargerð ríkisins og SSH.

Virðingarfyllst,



Páll Björgvin Guðmundsson

framkvæmdastjóri SSH